

Reglur um afturköllun skráningarheimilda, samþykktar í skráningarráði 12. jan. 2006

Þóra Sigurbjörnsdóttir
16. mars 2006

Skráningarheimildir

„Skráningarráðið skal setja reglur um bókfræðilega skráningu og ber verkkaupa [aðildarsöfnum] að hlíta þeim reglum, enda sé markmið þeirra að auka gæði bókfræðilegra gagna í kerfinu. Skráningarráð hefur umboð til að veita skráningarréttindi í kerfinu og afturkalla þau.“

Skráningarheimildir

Fari skrásetjari ekki eftir settum reglum um skráningu í Gegni, þrátt fyrir að hafa fengið ábendingar þar um, fær hann senda bréflega áminningu frá formanni skráningarráðs Gegnis, með dæmum um það sem er ábótavant. Tilkynningu skal einnig senda yfirmanni viðkomandi skrásetjara og ritstjóra bókfræðigrunnns Gegnis.

Skráningarheimildir

Verði skrásetjari ekki við ábendingum um úrbætur innan tveggja vikna, miðað við eðlilega viðveru á vinnustað, verður mál hans tekið til umfjöllunar í skráningarráði, þar sem afturköllun skráningarheimildar er tekin fyrir og afgreidd.

Skráningarheimildir

Leiðrétti skrásetjari samkvæmt fyrirmælum útnefnir skráningarráð tilsjónarmann sem fylgist með vinnubrögðum og leiðbeinir viðkomandi næstu mánuði.

Skráningarheimildir

Ef tilsjónarmaður metur - og leggur fram dæmi þar um - að skrásetjari taki ekki leiðbeiningum ákveður skráningarráð hvort afturkalla skuli skráningarheimildina.